



# SPROTAPING 2007

fer fram í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal  
föstudaginn 2. febrúar frá 12:30 til 17:15



Á dagskrá þingsins:

## Staða og starfsskilyrði sprota- og hátæknifyrirtækja

Nánari upplýsingar og skráning á:

**[www.si.is](http://www.si.is)**

Niðurstöður Sprotapings 2007 verða kynntar í sérstöku sprota- og hátækniblaði SI sem Morgunblaðið mun gefa út 9. febrúar næstkomandi. Málfeni þingsins tengjast stefnu SI og verkefnum undir yfirskriftinni "Framtíðin er í okkar höndum", Sprotavettvangi og tilboði UT-fyrirtækja um "Þriðju stoðina" í íslensku atvinnulífi sem kynnt verða ítarlega á fagsýningu tækni- og þekkingariðnaðarins; Tækni og vit 2007. Sjá nánar stefnu SI og verkefni á [www.si.is](http://www.si.is).

Samstarfsaðilar um Sprotaping 2007:



Sjálfstæðisflokkurinn



Framsóknarflokkurinn



Samfylkingin



Vinstrihreyfingin - grænt framboð



Frjálslyndi flokkurinn



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti



Rannsóknamiðstöð Íslands



Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins



Samtök atvinnulífsins



Iðntæknistofnun Íslands



Útflutningsráð Íslands



Menntamálaráðuneyti



Háskólinn í Reykjavík



Háskóli Íslands



Marel, Össur, TM Software, CCP o.fl.



Samtök iðnaðarins



Samtök sprotafyrirtækja



Samtök upplýsingatæknifyrirtækja



Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja



## Sprotaping 2007

# Staða og starfsskilyrði sprota- og hátæknifyrirtækja

Í samstarfi við þingflokka stjórnámálaflokka, ráðuneyti iðnaðar-, viðskipta- og menntamála, háskóla og aðila stoðkerfis og atvinnulífs verður efnt til Sprotapings 2007 föstudaginn 2. febrúar nk. Á þinginu verður fjallað um stöðu og starfsskilyrði sprota- og hátæknifyrirtækja á Íslandi og tillögur þingheims lagðar fram til afgreiðslu. Sprotaping 2007 markar einnig upphaf Sprotavettvangs<sup>1</sup> sem formlega hefur störf í kjölfarið.

Í vetur var efnt til samstarfs við þingflokka allra stjórnámálaflokka um að þeir kynni stefnumál sín og nokkrar vel mótaðar tillögur á Sprotapingi 2007. Fundarform þingsins hefur jafnframt verið lagað að þingsköpum Alþingis til að undirbúningsvinna þingflokka nýtist þeim sem best inn á þing og við mótun stefnuskrár fyrir komandi kosningar.

Í upphafi Sprotapings kynnis hver þingflokkur allt að þrjár tillögur í formi lagafrumvarps, þingsályktunartillagna eða reglugerðabreytinga sem haft gætu áhrif á starfsskilyrði sprota- og hátæknifyrirtækja. Þaðan verða tillögurnar sendar í þingnefndir, skipaðar fulltrúum þingflokka, stoðkerfis og atvinnulífs, til nánari umfjöllunar og afgreiðslu. Þingnefndir skila endanlegum tillögum áður en gengið verður til atkvæðagreiðslu (einkunnargjafar) á þinginu. Á Sprotapingi 2007 verður kappkostað að taka sem mest mið af verklagi Alþingis.

Undanfarin 15 ár hafa 5-10 tæknifyrirtæki náð því marki að velta yfir einum milljarði á ári á alþjóðlegum markaði og skilað sér inn á almennan hlutabréfamarkað og þannig skapað sér skilyrði til útrásar og vaxtar á alþjóðlegum markaði.

Í framtíðarsýn Samtaka sprotafyrirtækja kemur fram það markmið að „**frá og með árinu 2010 bætist árlega að jafnaði tvö ný tæknifyrirtæki í þann hóp sem veltir yfir einum milljarði á ári og skilar sér inn á almennan hlutabréfamarkað.**“

Ef vel er að verki staðið getur sú uppbygging, sem þarna er lýst, orðið ein meginstoð hagvaxtar á Íslandi á komandi árum og jafnframt orðið sú leið sem best getur tryggt lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum háa ávöxtun eigna sinna í framtíðinni. Grunnur að þessari uppbyggingu felst í að á Íslandi geti fjölbreytt flóra arðvænlegra sprota- og hátæknifyrirtækja vaxið og dafnað í starfsumhverfi í fremstu röð.

**Þingstaður:** Íþrótt- og sýningarhöllin í Laugardal  
**Dagsetning:** Föstudaginn 2. febrúar 2007  
**Tími:** Frá 12:15 til 17:15

**Dagskrá:** Sjá meðfylgjandi

**Þingið er opið en tilkynna þarf þátttöku á [www.si.is](http://www.si.is). Einnig er hægt að senda skráningu á netfangið [skraning@si.is](mailto:skraning@si.is) eða hringja í síma 591 0100. Skráning þarf að berast hið fyrsta og eigi síðar en þriðjudaginn 30. janúar nk.**

<sup>1</sup> Í tengslum við Sprotaping 2005 hófust samræður milli stjórnvalda, fulltrúa þingflokka, fjölmiðla, fjármögnunaraðila og forsvarsmanna sprotafyrirtækja um leiðir til að vinna að markvissri uppbyggingu tækni- og sprotafyrirtækja á Íslandi. Ein helsta niðurstaða þingsins var að þeir aðilar, sem mynda starfs- og stuðningsumhverfi sprotafyrirtækja, komi á fót samstarfsvettvangi um uppbyggingu sprotafyrirtækja.

Eitt af fyrstu verkefnum vettvangsins var að kortleggja og flokka sprotafyrirtæki eftir stöðu þeirra og þörfum fyrir stuðning. Þá var þjónustu-framboð stoðkerfisins skoðað og metið m.t.t. gagnsemi og aðgengi. Það var samdóma álit hlutaðeigandi að rétt væri að framkvæma þessa greiningu áður en vettvangurinn yrði formlega stofnaður. Niðurstöður hennar verða kynntar í upphafi Sprotapings 2007.



## Sprotapiing 2007

# Dagskrá

Fjölbreytt flóra arðvænlegra sprota- og hátæknifyrirtækja í starfsumhverfi í fremstu röð

12:15 Móttaka þinggesta og skráning

### 12:30 Þingsetning

Setning: Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra

### 12:40 Starfsumhverfi sprota- og hátæknifyrirtækja á Íslandi - framtíðarsýn og uppbygging Sprotavettvangs

Hvar stöndum við nú og hvað hefur breyst frá Sprotapiinginu 2005?

- Jón Ágúst Þorsteinsson formaður SSP og framkvæmdastjóri Marorku ehf.

Greining á stöðu og starfsumhverfi sprotafyrirtækja

- Hilmar Björn Harðarson og Pálmi Blængsson nemendur í Háskólanum í Reykjavík

### 13:10 Tillögur stjórnmalaflokka til að bæta starfsskilyrði sprota- og hátæknifyrirtækja

Hver þingflokkur hefur 15 mínútur til að kynna allt að þrjár tillögur í formi lagafrumvarps, þingsályktunar-tillögu eða reglugerðabreytingar sem haft gætu áhrif á starfsskilyrði sprota- og hátæknifyrirtækja

### 14:40 Þingnefndarfundir

Nefndir eru skipaðar þátttakendum þingsins, þ.m.t. fulltrúum þingflokka, stoðkerfis og atvinnulífs. Hlutverk þeirra er að ræða tillögur stjórnmalaflokkanna áður en gengið verður til atkvæðagreiðslu (einkunnagjafar) um málið á þinginu

### 15:45 Niðurstöður og breytingatillögur þingnefnda lagðar fram til atkvæðagreiðslu

Málshéfjandi kynnir breytingatillögur úr umræðum þingnefnda og leggur fram tillögu sína að nýju með áorðnum breytingum. Hver nefnd hefur þrjár mínútur til umráða. Þátttakendur taka afstöðu til hverrar tillögu í formi atkvæðagreiðslu (einkunnagjafar) á þar til gerðum atkvæðaseðli sem þeir skila í þinglok

### 16:30 Hlé - Útskrift og léttar veitingar

Meðan beðið er niðurstöðu úr atkvæðagreiðslu Sprotapiings er gestum boðið á útskriftarathöfn sem fram fer í tengslum við þingið og að þiggja léttar veitingar

### 17:00 Niðurstöður atkvæðagreiðslu Sprotapiings og þingslit

Niðurstöður atkvæðagreiðslu Sprotapiings kynntar

17:15 Þingslit: Helgi Magnússon, formaður SI

### Fundarstjórn:

Davíð Lúðvíksson forstöðumaður hjá SI

Niðurstöður Sprotapiings 2007 verða kynntar í sérstöku sprota- og hátækniblaði SI og Morgunblaðsins 9. febrúar nk.

Sprotapiing tengist stefnu SI og verkefnum undir yfirskriftinni "Framtíðin er í okkar höndum" og tilboði UT-fyrirtækja um "Þriðju stoðina" í íslensku atvinnulífi en hvoru tveggja verður kynnt ítarlega á fagsýningu tækni- og þekkingariðnaðarins; Tækni og vit 2007. Hægt er að nálgast stefnu SI og nánari upplýsingar á [www.si.is](http://www.si.is).



## Sprotaping 2007

# Verklag í þingnefndum

Meginkjarni þingsins eru þingnefndirnar. Þátttakendur velja sér þingnefnd eftir áhuga og starfssviði en þó verður leitast við að skapa jafnvægi milli fulltrúa fyrirtækja, stuðningsaðila og þingmanna í hverri nefnd. Fjöldi þátttakenda í þinginu takmarkast við 150 manns en í hverri nefnd eru um tíu þátttakendur auk umræðustjóra, málshefjanda (fulltrúi þess þingflokks sem fluttur tillöguna) og ritara.

### 1 Jafnvægi við borðið

Hægt er að óska eftir þátttöku í tiltekinni þingnefnd og verður reynt að verða við því eins og frekast er kostur. Þó verður leitast við skapa jafnvægi milli fulltrúa fyrirtækja, stuðningsaðila og þingmanna.

### 2 Málshefjandi

Vinna þingnefndar hefst með stuttri framsögu fulltrúa þess stjórnmalaflokks sem lagði tillöguna fram.

### 3 Fyrri hringferð – viðhorf

Umræðustjóri býður nefndarmönnum að lýsa viðhorfum sínum til tillögunar og þeirra málefna sem eru til umræðu. Leitast er við að fá fram sem flest sjónarmið þátttakenda í einni hringferð, bæði formi stuðnings við tillöguna og eins ábendingar um það sem betur mætti fara.

### 4 Seinni hringferð - tillögur um breytingar

Í seinni umferð umræðunnar er lögð áhersla á ræða beinar breytingatillögur sem þátttakendur telja nauðsynlegar.

### 5 Niðurstaða þingnefndar - breytingartillögur

Þingnefnd lýkur störfum með því að málshefjandi dregur niðurstöður umræðunnar saman og kemur með breytingartillögu eða nýja tillögu varðandi það þingmál sem til umfjöllunar var í nefndinni.

Athygli er vakin á að þingmál eru ávallt í höndum málshefjanda sem hafa ákvörðunarrétt á hvaða breytingar verði gerðar á málinu á grundvelli umræðu þingnefndarinnar.

### 6 Atkvæðagreiðsla (einkunnagjöf)

Allir þátttakendur fá einkunnaseðil með lista yfir allar þær tillögur sem til umræðu voru á þinginu. Þátttakendur gefa hverri tillögu ásamt þeim breytingartillögum sem málshefjandi leggur til að fella undir tillögu þingflokksins, einkunn á skalanum 0-5 og verður niðurstaðan kunngjörð í lok þingsins.



## Sprotaping 2007

# Þátttökukeyðublað

Sendist á netfangið skraning@si.is eða fax 591 0101 hið fyrsta og eigi síðar en 30. jan. nk.

Nafn \_\_\_\_\_

Starfsheiti/titill \_\_\_\_\_

GSM \_\_\_\_\_

Netfang \_\_\_\_\_

Fyrirtæki/stofnun/félag \_\_\_\_\_

### Val á þingnefnd

Þátttakendur velja sér þingnefnd eftir áhuga og starfssviði en þó verður leitast við að skapa jafnvægi milli fulltrúa fyrirtækja, stuðningsaðila og þingmanna í hverri nefnd.

Fjöldi þátttakenda í þinginu takmarkast við 150 manns en í hverri nefnd eru um tíu þátttakendur auk umræðustjóra, málshefjanda og ritara.

**Tilgreindu þá þingnefnd sem þú óskar helst eftir að taka þátt í** - og eina til tvær aðrar til vara:

1. Óska eftir sæti í þingnefnd nr. \_\_\_\_\_
2. Til vara sæti í þingnefnd nr. \_\_\_\_\_
3. Til vara sæti í þingnefnd nr. \_\_\_\_\_

### Tillögur og þingnefndir

**- Listinn verður birtur föstudaginn 26. janúar á [www.si.is](http://www.si.is) -**

<input type="checkbox"/> Þingnefnd-1	<b>Nafn tillögu</b>	Málshefjandi: XXX frá __ - lista
<input type="checkbox"/> Þingnefnd-2	<b>Nafn tillögu</b>	Málshefjandi: XXX frá __ - lista
<input type="checkbox"/> Þingnefnd-3	<b>Nafn tillögu</b>	Málshefjandi: XXX frá __ - lista
<input type="checkbox"/> Þingnefnd-4	<b>Nafn tillögu</b>	Málshefjandi: XXX frá __ - lista
<input type="checkbox"/> Þingnefnd-5	<b>Nafn tillögu</b>	Málshefjandi: XXX frá __ - lista
<input type="checkbox"/> Þingnefnd-6	<b>Nafn tillögu</b>	Málshefjandi: XXX frá __ - lista
<input type="checkbox"/> Þingnefnd-7	<b>Nafn tillögu</b>	Málshefjandi: XXX frá __ - lista
<input type="checkbox"/> Þingnefnd-8	<b>Nafn tillögu</b>	Málshefjandi: XXX frá __ - lista
<input type="checkbox"/> Þingnefnd-9	<b>Nafn tillögu</b>	Málshefjandi: XXX frá __ - lista
<input type="checkbox"/> Þingnefnd-10	<b>Nafn tillögu</b>	Málshefjandi: XXX frá __ - lista
	o.s.frv.	

**ATHUGIÐ: Listinn verður unnin nánar og birtur föstudaginn 26. janúar á [www.si.is](http://www.si.is) þegar tillögur stjórn-málaflokkanna liggja fyrir!**